

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. september 2010  
Tilvísun: UST20100800076/óaj

### Tilkynning um framkvæmd á skálasvæði við Hrafninnusker

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skálinn í Hrafninnuskeri er merktur sem fjallasel í svæðisskipulagi miðhálandisins og er í takmörkuðu vegasambandi.

### Almennt um framkvæmd

Í tilkynningu um framkvæmdina segir að Ferðafélag Íslands hafi átt frumkvæði að gerð deiliskipulags skálasvæðis við Hrafninnusker í samráði við Rangárþing ytra. Skipulaginu er ætlað að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn og skálaverði á hálandinu. Einnig kemur fram í tilkynningunni að efni tillögunnar verði í sátt og samlyndi við náttúruverndarsjónarmið. Með breyttu deiliskipulagi er að sögn framkvæmdaraðila tryggð eðlileg viðbót og endurnýjun geti átt sér stað á núverandi aðstöðu og húsakosti enda er það í takt við vaxandi fjölda ferðamanna á hálandinu.

Deiliskipulagið við Hrafninnusker er ein af fjórum deiliskipulagstillögum skálasvæða á hálandinu sem eru í vinnslu samtímis á vegum FÍ og viðkomandi sveitarfélaga.

### Staðhættir, Náttúrufar og náttúruminjar

Hrafninnusker er innan Friðlands að Fjallabaki sem var friðlýst samkvæmt auglýsingu nr. 354/1979. Samkvæmt 5.gr auglýsingar um friðlandið þá er mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Skálinn í Hrafninnuskeri stendur í um 1.028 m.h.y.s. Svæðið er gróðursnautt en útsýni frá skálanum er stórfenglegt. Á svæðinu er hrafninna áberandi en hrafninumolar hafa hvassar brúnir og geta skorið í sundur stög á tjöldum og tjöld ef vindur er mikill. Skáli Ferðafélags Íslands stendur í hlíðardragi og í litlum gilslakka milli Söðuls og Hrafninnuskers. Á svæðinu

má víða finna íshella og gilskorningar eru oft huldir snjó. Víða við Hrafninnusker má finna mikinn jarðhita og þá mest sunnan og vestan skers.

Tjaldsvæðið er á afar miklum berangri suðaustan skálans. Engan gróður er að finna á svæðinu og ræður þar mestu hæð yfir sjó.

### **Mannvirkjagerð**

Samkvæmt tilkynningunni nær framkvæmdasvæðið til 1 hektara svæðis við Hrafninnusker. Heildarbyggingarmagn svæðisins er í dag 125 m<sup>2</sup>, en getur orðið allt að 280 m<sup>2</sup> samkvæmt tilkynningunni, þ.e. með stækkun núverandi gistiskála (Höskuldsskála) og tilkomu nýs skálavarðarhúss. Skálarnir verða hitaðir með gasi og upplýstir með sólarrafhlöðum. Á svæðinu er því gert ráð fyrir 2 byggingarreitum auk tjaldsvæðis sem mun haldast óbreytt að stærð.

Á reit S-1 er 125 m<sup>2</sup> gistiskáli frá 1977. Gert er ráð fyrir að stækka skálann þannig að heildarflatarmál verði allt að 180 m<sup>2</sup>.

Á reit V-1 er heimilt að reisa skálavarðarhús allt að 100 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Fyrirhugað er að nýta hluta skálavarðarhússins sem geymslu og gufubað.

Auk framangreindra húsa er ráðgert að reisa vindskýli á tjaldsvæði og stækka útikamar.

### **Vegir og bílastæði**

Ekki er bílfært að Hrafninnuskeri nema fyrir sérútbúna fjallabíla samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun bendir á að í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 er ekki gert ráð fyrir vegi að Hrafninnuskeri. Í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014 liggja engir vegir að Hrafninnuskeri. Í reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands er vegur skilgreindur m.a. sem götuslóði, gata, bifreiðastæði. Enginn skilgreindur vegur liggur að skálanum við Hrafninnusker en þeir sem ekið hafa með trúss að skálanum hafa fylgt vetrarakstursleiðum en heimilt er samkvæmt fyrrgreindri reglugerð að aka á frosinni og snævi þakinni jörð.

Umhverfisstofnun bendir á að með skilgreindri akstursleið og bílastæðum í Hrafninnuskeri muni álagi af völdum vélknúinna ökutækja aukast. Umhverfisstofnun hefur lögum samkvæmt umsjón með friðlandinu og hefur stofnunin ekki gefið heimild fyrir sitt leyti að opna fyrir umferð í Hrafninnusker. Að mati stofnunarinnar er ekki fyrir séð hversu víðtæk umhverfisáhrif veglagning að Hrafninnuskeri yrði og telur því óvissu ríkja þar um. Umhverfisstofnun bendir ennfremur á að vegagerð á verndarsvæðum er tilkynningarskyld framkvæmd skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

### **Frárennsli og rotþrær**

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er ómögulegt að koma fyrir rotþró og siturlögn vegna aðstæðna á svæðinu. Í Hrafninnuskeri liggur fyrir leyfi frá heilbrigðisfulltrúa um að skólphreinsun sé framkvæmd með safntönkum og þurrsalernum samkvæmt grein 13.5 í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ. Seyru frá þurrsalernum skal fargað samkvæmt

reglugerð 799/1999.

Umhverfisstofnun bendir á að misræmi er í greinargerðinni því einnig kemur fram að frágangur á rotþróum og siturlögnum sé samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp og samkvæmt leiðbeiningarriti nr. 03/01 frá Umhverfisstofnun og ekki sé því skýrt í greinargerðinni hvor lausnin er notuð í Hrafninnuskeri.

### **Neysluvatn**

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi við öflun neysluvatns fyrir svæðið. Kalt vatn er fengið úr vatnslind sem sprettur upp um 12 m fyrir neðan skálann. Lindin er í snarbröttu gili í um 120 m fjarlægð vestur frá skálanum. Úr lindinni rennur vatnið í leiðslu að kaldavatnsdælu sem er um 25 m fyrir neðan skála. Dælan er knúin rafmagni sem knúin er með gufuskilju frá nálægum jarðhver. Neysluvatninu er dælt upp um 120 m upp í ryðfrían 10 þús. lítra ryðfrían stálbrunn sem grafin er í jörðu norðvestan við skálann. Um vatnslindina gildir vatnsvernd og fer hún eftir ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 „um varnir gegn mengun vatns“ sbr. reglugerð nr. 533/2001 og er brunnsvæðið og grannsvæðið merkt inná deiliskipulagsupprátt.

### **Rafmagn og fjarskiptalofnet**

Heimilt er að koma fyrir sólarraflöðu í tengslum við húsin með tilheyrandi búnaði til notkunar í skálanum og skálavarðahúsi. Einnig er heimilt að reisa allt að 10 metra hátt fjarskiptalofnet og skal það vera staðsett utan eða ofan á húsum. Loftnetið skal hafa matta áferð og nær ósýnilegt í 1 kílómeters fjarlægð á björtum degi. Einnig er heimilt að setja þokulúður eða skæran ljósabúnað á loftnet eða skála sem lýsir frá sér í dimmri þoku eða á neyðarstundum. Frá öllum slíkum búnaði skal gengið frá samkvæmt gildandi reglum Póst og fjarskiptastofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Brunamálastofnunar.

Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að koma fram gerð viðkomandi loftnets ásamt sýnileikakorti og frekara mati á áhrifum þess.

### **Tjaldsvæði og skýli**

Á svæðinu er eitt tjaldsvæði á 0,6 ha berangri suðvestan við skálann. Tjaldsvæði er í miklum halla og í gróðurvana landi. Steinar og grjót úr hrafninnu liggja í víð og dreif um tjaldsvæðið en að öðru leyti er yfirborðið að mestu sandur. Tilhneiging hefur verið hjá ferðamönnum að tjalda á stærra svæði en því sem skipulagt er sem tjaldsvæði og hlaða upp litlum byrgjum úr því grjóti sem fyrir hendi er til að skýla tjöldunum.

Innan tjaldsvæðisins er útikamar sem ráðgert er að stækka og einnig er áætlað að koma fyrir allt að 50 m<sup>2</sup> vindskýli sem er að hluta yfirbyggt en að öðru leyti opið. Í skýlinu skal komið fyrir vaski með köldu vatni ásamt einfaldri eldunar og grillaðstöðu.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi skýrt fram hvort fyrirhugað vindskýli verði sambyggt eða nálægt núverandi útikamri. Umhverfisstofnun mælist til að vindskýlið verði staðsett sem næst kamrinum til að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu.

## **Gróður**

Í greinargerðinni kemur fram að svæðið sé nánast gróðurvana og þá aðallega vegna hæðar svæðisins yfir sjó. Viðkvæman gróður er þó að finna í giljum utan deiliskipulagsreitsins

## **Göngustígar, merkingar og upplýsingaskilti**

Heimilt er að merkja göngustíga og setja upp upplýsingaskilti innan skipulagsreits. Leitast verður við að samræma útlit og gerð skilta og skulu þau þola veðurálag. Sérstaklega skal varað við jarðhita í jörðu og undir snjófönnum þar sem þar geta myndast íshellar sem geta brotnað við umgang. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að göngustígar séu vel afmarkaðir og vel við haldið til að hlífa viðkvæmri náttúru við óþarfa álagi.

## **Mengun og úrgangur**

Með aukinni fjölgun ferðamanna eykst álagið á fráveitukerfi skálanna. Engin vatnssalerni eru á svæðinu og er ekki ráðgert að koma þeim fyrir. Seyru frá kömrum er fargað skv. reglugerð 799/1999 og leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlitsins. Vatnsból er í lítilli hættu á að mengast við venjulegar aðstæður ef kamrar eru tæmdir reglulega.

Ætlast er til að hver gestur sem kemur í Hrafninnusker taki allan umbúnað og sorp með sér þegar svæðið er yfirgefið, en hægt er að losa sig við sorp í gáma við Álftavatn og í Hvanngili.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi stöðugar vöktunar svæðisins m.t.t til kamranna og seyru þar sem vatnslindin liggur neðar í landinu en skálasvæðið og eykur það líkur á mengun vatnsbólsins.

## **Sjónræn áhrif**

Í greinargerð kemur fram að skálinn sjáist úr nokkurri fjarlægð og að það sé á vissan hátt heppilegt út frá öryggissjónamiðum.

Sjónræn áhrif eru því töluverð þegar komið er á svæðið. Ekki er gert ráð fyrir nýjum byggingum utan skálavarðahúss og vindskýlis, en aðrar framkvæmdir eru viðbyggingar/stækkanir á eldri húsum. Í greinargerðinni kemur fram að auðvelt sé að fjarlægja byggingarnar og afmá ummerki um þau og þessar framkvæmdir séu því afturkræfar.

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að mannvirki falli sem best að landi og að þau verði máluð í jarðlitum. Enn hefur viðbygging Höskuldsskála frá því 2007 ekki verið máluð í sömu litum og eldri byggingin og telur Umhverfisstofnun að gera verði úrbætur á því. Einnig er nauðsynlegt að byggingar hafi svipað byggingarlag til að heildarsvipmót svæðisins haldist.

## **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggur fyrir verndaráætlun fyrir friðland að Fjallabaki. Stofnunin bendir einnig á að ekki hefur verið haft samráð við stofnunina vegna fyrirhugaðra


framkvæmda. Stofnunin telur mikilvægt að til sé heildarstefna um uppbyggingu á verndarsvæðinu og að heildræn sýn fái á uppbyggingu þjónustukjarna í friðlandinu. Samkvæmt auglýsingu um friðlandið þá er mannvirkjagerð háð framkvæmdaleyfi Umhverfisstofnunar og telur stofnunin því að eðlilegt að haft hefði verið samráð við stofnunina á fyrri stigum málsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Stofnunin telur að rúmlega tvöföldun byggingarmagns á svæðinu sé mikil framkvæmd á mjög viðkvæmu svæði og ekki liggja fyrir upplýsingar um þolmörk svæðisins. Stofnunin bendir á að enginn skilgreindur vegur liggja að skálanum og að vegagerð á verndarsvæðum er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu auk þess að vera leyfisskyld framkvæmd samkvæmt ákvæðum auglýsingar um friðlandið. Óvissa ríkir því um umhverfisáhrif veglagningar að skálanum.

Samkvæmt tilkynningu Ferðafélagsins um framkvæmdina er henni ætlað að bæta öryggi og þjónustu við ferðamenn, þar sem veður geta orðið vallynd með skömmum fyrirvara á svæðinu. Til að viðhalda útivistar- og áningargildi svæðisins er nauðsynlegt að allar framkvæmdir verði miðaðar að því að draga úr áhrifum framkvæmdanna á landslag, þ.e. mannvirki verði felld sem kostur er að landi, að rask vegna framkvæmda verði haldið í lágmarki og frágangur eftir framkvæmdir vandaður.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um frárennsli og rotþrær vera ófullnægjandi, ekki kemur skýrt fram í greinargerðinni hvaða aðferð á að nota á svæðinu til að koma í veg fyrir að skólp valdi mengun. Einnig telur Umhverfisstofnun ekki koma nægilega vel í ljós í greinargerðinni væntanleg staðsetning vindskýlis á tjaldsvæðinu ásamt því að Umhverfisstofnun telur að nokkur óvissa ríki um umfjöllun fjarskiptalofnets. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að koma fram gerð viðkomandi loftnets ásamt sýnileikakorti og frekara mati á áhrifum þess.

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda er það þó mat Umhverfisstofnunar að ekki séu líkur á að fyrirhuguð framkvæmd kunnri að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingartyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Hjalti J. Guðmundsson  
Sviðsstjóri